

1. fundur í stjórn Alnæmisbarna, 23. júní 2004

Haldinn miðvikudaginn 23. júní 2004 kl. 12 á Kaffi Mílanó

Mætt: Erla Halldórsdóttir (EH), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG), Helga Tuliníus (HT), Bjarni Reykr Kristjánsson (BRK) og Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSv) sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fyrsta stjórnarfundar varð það að samkomulagi að ÞSv yrði formaður stjórnar, EH varaformaður og gjaldkeri, BRK ritari og MJG og HT meðstjórnendur.

1. Frásögn EH af Úgandaferð í vor.

EH var í Úganda í 7 vikur. Nú starfa 22 ungar konur við kertaframleiðsluna. Af þeim ganga 10 í skóla. Þær eru með fjögur börn með sér. Fjórar nýjar stúlkur komu inn í verkefnið í vor. Í vetur létust tvö börn (af fimm) úr alnæmi. EH vakti athygli á því að í Úganda fer HIV-smitað fólk ekki á alnæmislyf fyrr en frumutala (cell-count) er komið niður fyrir visst gildi sem teljast má nokkuð lágt og því margir ekki á lyfjum þótt þeir séu orðnir veikir.

Sex tölvur, gjöf frá Orkuveitunni, voru settar upp og tölvuþjálfun er hafin. Sumar stúlkanna eru jafnframt að læra að lesa og skrifa. Fyrir framlag frá UNIFEM festi EH kaup á bifreið fyrir verkefnið. Fjárhagur verkefnisins er betri í ár en í fyrra en kostnaðurinn nemur u.þ.b. USD 30.000 á ári.

EH kynnti hugmyndir sínar um önnur verkefni, m.a. „strákaverkefni“ sem felst í því að hreinsa býflugnavax og selja það síðan til frekari vinnslu og gerð kertastjaka. Næsta ferð EH til Úganda er fyrirhuguð í október nk.

2. Félagaskráin.

Lagðir fram listar frá stofnfundi félagsins yfir stofnfélaga og styrktarféлага. Ákveðið að undirbúa vandlega útsendingu fyrsta póstis á félagana. Útbúa þarf einhvers konar verðskrá yfir lyfja-, matar- og skólakostnað, sem hægt er að nýta við öflun styrktarfjár.

3. Netfang/vefsetur.

Félagið vantar netfang og vefsetur, a.m.k. „front“ til að byrja með, þ.s. hægt er að skrá sig til þátttöku og fá helstu upplýsingar um kertaframleiðsluna og annað er varðar verkefni okkar.

4. Verkefni fyrir næsta fund.

a) Fá netfang og lén – BRK

b) Útbúa verðskrána – EH

c) Leggja heilann í bleyti um úthendi – allir.

Næsti fundur miðvikudaginn 30. júní kl. 12 á Kaffi Mílanó.

ÞSV.